



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

22. mars 2006

Skjalanúmer: 22

Tilvísun: UST20060200117/KG

### Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 503. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 16. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um umferðarlög, EES-reglur o.fl, 503. mál.

Umhverfisstofnun telur að þau atriði sem lúta að starfssviði stofnunarinnar, þ.e. 1. og 2. gr. til allnokkurra bóta. Stofnunin óskar eftir að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við nefndina.

Umhverfisstofnun styður þá breytingu á skilgreiningu á bifhjóli sem tillaga er gerð um í 1. gr. frumvarpsins. Með breytingunni verða fjór- og sexhjól færð undir almennar reglur um bifhjól, þ.m.t. skráningarskyldu og eftirlit. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að með þessu verður skýrara en áður að akstur almennra fjór- og sexhjóla utan vega er bönnuð og hægt verður að beina þeim á almenna vegi.

Umhverfisstofnun fagnar ákvæði 2. gr. frumvarpsins enda hefur það verið skoðun stofnunarinnar að nauðsynlegt sé að tengja saman ákvæði náttúruverndarlaga um akstur utan vega og umferðarlaga, líkt og hér er gert.


Umhverfisstofnun bendir á að skilgreiningin á vegi í 2. gr. Núgildandi umferðarlaga er mjög víðtæk og hefur sem slík valdið erfiðleikum við að stemma stigum við akstri utan vega í hinni viðkvæmu náttúru Íslands. Hér má nefna að hugtök eins og „almenn umferð“ og „götuslóði“ eru ekki skýrð í lögnum og byggir skilgreiningin á eldri lögum frá 1968 en frá þeim tíma hefur óneitanlega margt breyst. Umhverfisstofnun leggur því til að skilgreiningunni verði breytt á eftirfarandi hátt:

**„Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar og er samþykktur sem slíkur af viðkomandi sveitarfélagi. Undir þetta falla ekki slóðar eða stígar sem hafa myndast við ólöglegan akstur utan vega.“**

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður